



ÍSLANDSMÓTIÐ Í HANDKNATTLEIK



PULUR

- Þulur byrjar að leika tónlist 45 mín. fyrir leik.
- Þulurinn þarf að vera vanur og starfi sínu vaxinn.
- Þulurinn þarf að vera vel að sér varðandi lið mótherja.
- Þulurinn þarf að vera vel að sér varðandi stöðuna í Olís-deildinni (markahæstu leikmenn, flest varin skot o.s.frv.)
- Þulurinn þarf að vera vel að sér varðandi inngöngu liða og kynningu á leikmönnum og dómurum og ber hann ábyrgð á að tímasetningum sé framfylgt í samráði við dómara leiksins og ábyrgðarmann.
- Þulurinn skal kalla Olís-deildina sínu rétta nafni og bjóða leikmenn, dómara og áhorfendur velkomna á leikinn í nafni heimaliðs og Handknattleikssambands Íslands.
- Að því loknu skal þulur lesa upp eftirfarandi texta:

„Til að tryggja heiðarlegan leik gagnvart öllum þátttakendum leiksins, leikmönnum, dómurum og starfsmönnum og með handboltaíþróttina í huga viljum við biðja ykkur, áhorfendur góðir, að styðja ykkar lið með háttvísi í huga og sýna jákvætt hugarfar gagnvart öllum þátttakendum sem og öðrum áhorfendum.
Takk fyrir.“
- Þulurinn skal ávallt sýna aðkomuliði og áhorfendum þeirra íþróttamannslega hegðun og kurteisi.
- Þulurinn skal ávallt í lok leiks þakka áhorfendum og leikmönnum fyrir komuna og minnst á næstu leiki deildarinnar.

GÁTLISTI FYRIR STJÓRNANDA Á FRAMKVÆMD LEIKS. Eftirfarandi atriði þurfa að vera tilbúinn áður en leikur getur hafist:

- Starfsmannalisti. Heimalið skal útvega alla starfsmenn á leiki og eru þeir eftirfarandi:
 - Stjórnandi á framkvæmd leiks.
 - Kynnir/þulur.
 - Tónlistarstjórnandi (getur verið sami aðili og kynnir leikinn).
 - Tímavörður.
 - Ritari.
 - Tveir til að þurrka af gólfi.
 - 4-8 öryggisverðir í merktum bolum (fer eftir áætluðum fjölda áhorfenda).
 - Fjölmíðlafulltrúi (getur verið stjórnandi).
 - 8 leikmenn yngri flokka heimaliðs til að bera inn 2 fána (fána Olís-deildarinnar og fána HSÍ).
 - Starfsfólk íþróttahúss getur ekki verið á starfsmannalista þegar það er á vakt.
- Uppröðun auglýsinga í og við íþróttahús.
- Athuga hvort öll eyðublöð séu til, leikskýrslur, ritarablöð o.s.frv.
- Athuga aðstöðu blaðamanna.
- Prófa hljóðkerfi.
- Skemmtiatriði í hálfleik tilbúin.
- Pantaveitingar (VIP, blaðamenn o.fl.).

Á LEIKDAG:

- Athuga hvort tónlist sé tilbúin í samráði við kynni/þul.
- Fara yfir viðtalssvæði fyrir sjónvarp.
- Fara yfir VIP herbergi og VIP hluta stúku.
- Sjá til þess að aðgengi liða að íþróttahúsi sé greið og að lið hafi aðgang að klefum minnst 70 mínútum fyrir leik.
- Klefar merktir nafni liðs og aðalstuðningsaðila deildarinnar.
- 60 mínútum fyrir leik skulu allar auglýsingar vera uppsettar.
- Þulur/tónlistarstjóri skal hafa aðgang að sínu svæði minnst 60 mínútum fyrir leik.
- Ritara- og tímavarðarborð skal vera 3 m x 70 cm og ekki nær leikvelli en 50 cm.

- 14 stólar skulu vera fyrir hvort lið og skulu þeir byrja 3,5 m frá miðlínu vallar.
- 60 mínútum fyrir leik skal haldinn tæknifundur með eftirlitsmanni, liðsstjórum beggja liða og dómurum (ef þeir kjósa að mæta) þar sem farið er yfir lit búninga (leikmanna, starfsmanna liða og aukamarkmannstreyjur), inngöngu liða, tímasetningar, leikskýrslu og öryggismál.
- 45 mínútum fyrir leik skal völlurinn vera tilbúinn fyrir upphitun fyrir bæði lið.
- 45 mínútum fyrir leik skal tónlistarstjóri byrja að spila tónlist.
- 45 mínútum fyrir leik skal aðstaða fyrir blaðamenn vera tilbúin.
- 45 mínútum fyrir leik skal aðstaða fyrir sjónvarp vera tilbúin.
- Ef eftirlitsmaður er á leiknum skal stjórnandi leiks gefa sér tíma til að fara yfir gátlista með honum.

INNGANGA LIÐA:

Þessari athöfn skal ábyrgðarmaður stýra og gera liðsstjórum grein fyrir inngönguleiðum.

00:10 Upphitun lýkur og lið halda til búningsklefa.

00:07 Lið stilla sér upp fyrir inngöngu. Fyrstir í röðinni eru fánar Olís-deildarinnar og HSÍ og síðan fánar félaga. Næstir koma dómarar og loks liðin hlið við hlið, fyrriliðar fremst, þá markmenn og loks aðrir leikmenn í númeraröð. Þeir sem koma með fánana inn eru ungir leikmenn heimaliðs, 4 á hvern fána.

00:05 Gengið inn. Allir aðilar raða sér upp á miðjan völlinn og snúa að myndavélum/stúku (sjá teikningu í handbók).

00:04 Kynning á dómurum, leikmönnum útiliðs og heimaliðs í þessari röð.

00:01 Leikmenn takast í hendur og um leið er lesinn *Háttvísitexti*.

00:30 Kastað upp á hvort lið hefur leik.

